



Lokaritgerð til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku

Einstakar mæður
„Hvernig verða börnin til?“

Helena Rós Sturludóttir

Febrúar 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐI EILD

Einstakar mæður
„Hvernig verða börnin til?“

Helena Rós Sturludóttir

Lokaritgerð til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku

Leiðbeinandi: Anna Marsibil Clausen

Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2021

Einstakar mæður – „Hvernig verða börnin til?“

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Helena Rós Sturludóttir, 2021
kt. 180890-2629

Reykjavík, Ísland, 2021

Útdráttur

Í þessari greinargerð er farið yfir vinnuferlið að baki útvarpsþáttaröðinni *Einstakar mæður*. Einstakar mæður fjalla um konur sem velja að eignast börn upp á eigin spýtur, án maka, með aðstoð tæknifrjógana. Gerð er grein fyrir ástæðunni að baki þeirri ákvörðun að fjalla um þetta málefni ásamt fræðilegri umfjöllun um fjölmiðla og fjölmiðlaumhverfið á Íslandi. Þá er eldri umfjöllun um einstakar mæður í fjölmiðlum skoðuð. Því næst er gerð grein fyrir vinnuferli þáttanna og að lokum eru niðurstöður verkefnisins dregnar saman.

Engin formleg niðurstaða kom út frá þáttunum sjálfum enda var þeim ekki ætlað að svara sérstökum spurningum til fulls. Markmið verkefnisins er að auka skilning og meðvitund fólks gagnvart þessari tegund fjölskyldna: einstökum mæðrum og börnum þeirra. Í þáttunum er einnig rætt við sérfræðinga um ýmis siðferðileg álitamál er varða þessa leið til barneigna, einna helst rétt barna til að þekkja uppruna sinn. Sá réttur er ekki lögbundinn hér á landi.

Þættina fjóra má flokka sem samfélagsmiðaða fréttamennsku þar sem einn menningarkimi samfélagsins er skoðaður. Það er eitt af lýðræðis- og menningarlegu hlutverki fjölmiðla. Umfjöllun þáttanna er drifin áfram af persónulegum frásögnum kvennanna um efnið. Útvarpið er notað til að miðla sögum þeirra hljóðrænt með einlægum og persónulegum hætti.

Abstract

This exposition details the process behind the audio series „Single mothers by choice.“ The audio series covers the topic of women who choose to have children on their own, i.e. without a mate, through artificial insemination. The reason behind the decision to discuss this topic is explained together with theoretical discussion of the media and the media environment in Iceland. Older coverage of the topic single mothers by choice is also examined in the media. After that, the work process of the audio series is explained and finally the results of the project are summarized.

No formal conclusion was reached from the episodes themselves as they were not intended to answer specific questions to full. The project's goal is to broaden people's understanding and knowledge of these types of families: single mothers by choice and their children. Leading experts in the field are interviewed on various ethical and moral principles in regards to this method conception, especially in regards to children's rights to know their origin, which currently has not been established in the legal system in Iceland.

The audio series, which is split up into four separate episodes, can be categorized as social journalism, where one dimension of society is closely examined, which is one of the democratic and cultural roles of the media. The series is driven by the personal narratives of the women themselves. Audio is used as a medium to tell their stories in a sincere and personal way.

Formáli

Greinargerð þessi er annar hluti MA verkefnis í blaða- og fréttamennsku sem gildir til 30 eininga. Hinn hlutinn eru fjórir útvarpsþættir um einstakar mæður, konur sem eignast börn án maka með aðstoð tæknifrjógana. Hver þáttur eru um fimmtán mínútur að lengd. Leiðbeinandi minn í þessu verkefni var Anna Marsibil Clausen, dagskrárgerðarkona hjá Ríkisútvarpinu. Ég vil þakka henni sérstaklega fyrir allan þann stuðning, aðstoð og kennslu sem hún veitti mér við gerð þáttanna og greinargerðarinnar. Vinkonu minni, Hugrónu Aðalsteinsdóttur, vil ég þakka kærlega fyrir yfirlestur á greinargerðinni og góðan stuðning á meðan ferlinu stóð.

Ég vil einnig þakka fjölskyldu minni fyrir mikinn stuðning og þolinmæði, sér í lagi börnunum mínum tveimur og sambýlismanni mínum, Ómari Þór Ómarssyni, sem var stoð mín og stytta í gegnum ferlið. Verkefnið var unnið í síðari hluta fæðingarorlofs með eina litla mér við hlið alla daga sem gerði verkefnið oft á tíðum örlítið meira krefjandi og um tíma sá ég ekki fyrir endann á því. Allt kom þó fyrir ekki og var verkefninu skilað á tilsettum tíma.

Að lokum vil ég þakka öllum viðmælendum mínum fyrir að taka sér tíma og hitta mig þrátt fyrir að heimsfaraldur kórónuveirunnar Covid-19 væri í hámarki. Þættirnir hefðu aldrei orðið að veruleika án þeirra.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	4
Formáli	5
Inngangur	7
1 Fjölmiðlar	11
1.1 Hlutverk fjölmiðla í lýðræðisríkjum.....	11
1.2 Fjölmiðlaumhverfið á Íslandi.....	13
1.2.1 Ríkisútvarpið	13
1.2.2 Einkareknir fjölmiðlar	15
1.3 Konur í fjölmiðlum.....	17
1.3.1 Umfjöllun um einstakar mæður í fjölmiðlum á Íslandi þá og nú	18
1.4 Útvarp	20
2 Vinnuferlið	22
2.1 Ferðalagið frá hugmynd að veruleika.....	22
2.2 Óvænt en ekki svo óvænt	23
2.3 Samkomutakmarkanir höfðu ekki áhrif á þessa klippingu	27
2.4 Framsetning	29
2.5 Mistök eru til að læra af	30
3 Niðurstöður	32
4 Lokaorð	34
Heimildaskrá	35

Inngangur

Óhætt er að segja að aðdragandi þessa meistaraverkefnis hafi verið ansi langur. Strax í upphafi náms fór ég að spá í efni. Þó hugmyndirnar væru orðnar margar fannst mér aldrei eins og rétta hugmyndin væri komin. Eina sem ég var staðráðin í var að mig langaði að fjalla um fólk. Líkt og margir, hef ég áhuga á fólk og sögunum sem það býr yfir. Fólk var líka ein af stóru ástæðunum fyrir því að ég fór í blaða- og fréttamennsku. Öll verkefni sem unnin voru í náminu endurspeglast talsvert af þessum áhuga mínum.

Mig langaði að nota lokaverkefnið mitt sem vettvang til að hitta fólk og segja þeirra sögu. Í upphafi námsins var ég auðvitað líka fullkomlega grunlaus um að lokaverkefnið yrði unnið í miðjum heimsfaraldri kórónuveirunnar þar sem persónuleg samskipti voru af skornum skammti. Helstu áhyggjur mínar í upphafi verkefnisins voru því frekar óhefðbundnar, hvort fólk myndi yfir höfuð þora að hitta mig til að segja sína sögu. Eitt af því sem mér þykir mikilvægt þegar fólk segir persónulegar sögur er að hitta það augliti til auglitis. Fólk gefur meira af sér þannig. Ég vildi því helst ekki þurfa taka viðtöl í gegnum netið eða síma.

Áður en endanleg hugmynd að efni var komin hafði ég ákveðið að ég vildi nota útvarp til að miðla verkefninu. Þegar ég byrjaði í náminu var ég harðákveðin í því að mig langaði eingöngu að vinna við sjónvarp. Þegar ég hóf tíma í ljósvakamiðlum, áfanga í skólanum, fór ég að finna fyrir meiri áhuga á útvarpi en áður. Ég áttaði mig á því að ég hafði tekið útvarpinu sem sjálfsögðum hlut, útvarpið var oft í gangi heima við þegar ég var ung og nú allt fram eftir fullorðinsárum. Útvarpið var í raun eitt langt undirspil í mínu lífi og ég gaf því aldrei einhvern sérstakan gaum. Eftir að ég lærði meira um miðilinn og vann meira með hann heillaðist ég af honum. Ég fór að hlusta mun meira á útvarpsþætti en áður sem og hlaðvörp og komst að því að þetta er alveg frábær miðill. Það er fátt notalegra en að kveikja á útvarpinu og hlusta á meðan maður sinnir daglegum verkefnum – oftast en ekki heyrir ég hluti sem ég hefði annars kannski aldrei heyrt um. Þegar ég hóf starfsnám hjá Ríkisútvarpinu í apríl 2019 fékk ég einnig fljótt að prófa mig áfram í útvarpsfréttum, lesa inn pistla og vinna fréttir fyrir útvarp. Ég vann svo allt sumarið hjá RÚV og fékk fleiri tækifæri til að spreyta mig á útvarpsfréttum. Mér fannst það virkilega skemmtilegt og krefjandi. Það lá því vel við að velja útvarpið til að miðla lokaverkefni mínu.

Síðan var það stóra spurningin, hvaða umfjöllunarefni yrði fyrir valinu. Hugmyndin að efni verkefnisins kemur í raun frá manneskju sem er mér nákomin. Þetta efni hefur verið þessum einstakling hugleikið í nokkur ár og á endanum var það ofan á. Verkefnið skyldi fjalla um einstakar mæður. Konur sem hafa ákveðið að eignast börn upp á eigin spýtur, án maka, með aðstoð tæknifrjógunar. Í daglegu tali nær hugtakið einnig til kvenna sem valið hafa ættleiðingu en verkefni þetta einblínir þó einungis á þær konur sem hafa valið að fara í tæknifrjógun. Ástæðan sem liggur þar að baki er að konur sem hafa valið fyrri leiðina ganga í gegnum allt líkamlega ferlið við barneignir einar og langaði mig að leggja áherslu á það.

Árið 2008 var einhleypum konum veittur réttur til tæknifrjógana hér á landi. Áður leituðu íslenskar konur slíkrar þjónustu erlendis. Á annarri önn í náminu gerði ég fréttaskýringu um einstakar mæður í áfanganum Fréttamennska II: Fréttaskýringar, viðtöl, pistlaskrif og framsetning texta. Fréttaskýringin fékk nafnið „*Hann er ekki bara með hálfa sögu*“ sem er tilvísun í eitt af tveimur viðtölum við einstakar mæður sem ég tók fyrir það verkefni. Viðtölin við konurnar tvær kveiktu áhuga minn að tala við enn fleiri konur sem hafa valið þessa leið.

Mér finnst mega gera þessum málaflokki hærra undir höfði í fjölmiðlum. Það á svo sem oft við um málefni kvenna í fjölmiðlum almennt. Vissulega hefur verið fjallað um einstakar mæður hér á landi en að mínu mati hefur umræðan einblínt einna mest á almenna umfjöllun um það að eignast barn einar eða að konurnar hafi ekki fundið hinn „eina sanna“ maka og séu jafnvel að renna út á tíma til að eignast barn sem er alls ekki alltaf raunin. Ekki allar konur eru að leitast eftir maka, margar ástæður geta legið að baki því að konur ákveða að fara þessa leið. Þá er ekkert sem segir að maki geti ekki komið síðar þó svo að kona hafi valið að fara þessa leið til barneigna. Þá sækja yngri konur í meiri mæli en áður eftir því að fara þessa leið.¹ Þegar kafað er dýpra ofan í málaflokkinn má sjá að það er ýmislegt sem mætti auka umræðu um, líkt og ferlið sem kona fer í til þess að verða móðir – sem er alls ekki alltaf auðvelt – hvernig það er að velja sæðisgjafa, líffræðileg skyldmenni barnsins og síðast en ekki síst siðferðileg álitamál.

Fjölskyldumynstur hefur einnig breyst talsvert á undanförunum áratugum og fjölbreytileiki fjölskyldna aukist. Til að mynda hefur einstæðum foreldrum hér á landi fjölgað mjög.² Fjölgun einstæðra foreldra og jafnari staða kynjanna gefur til kynna að ákveðin sátt ríki

¹ Helga Sól Ólafsdóttir 2020

² Eva Bjarnadóttir og Eygló Árnadóttir 2011:30

í samfélaginu um þessa fjölskyldugerð. Fjölskyldumynstur er samfélagslegt málefni og því er mikilvægt að fólk sé meðvitað um að það séu til allskonar fjölskyldur og sýni þeim skilning. Það er erfitt að sýna einhverju skilning sem maður þekkir ekki, þess vegna er umræðan alltaf mikilvæg. Þá er ekki síður mikilvægt að velta upp þeim forréttindum sem konur hafa þegar kemur að barneignum. Eflaust eru fjölmargir karlmenn sem myndu kjósa þessa leið ef hún stæði þeim til boða. Sú umræða er þó talsvert flóknari og verður ekki farið yfir hana í þessu verkefni en væri mjög vert að skoða betur síðar.

Ýmis siðferðileg álitamál eru uppi gagnvart þessari leið til barneigna, sér í lagi rétti barna til að þekkja uppruna sinn. Hér á landi er sá réttur ekki lögfestur þrátt fyrir að í 7. grein Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013, komi fram að barn eigi eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Í 8. grein sömu laga stendur að barn eigi rétt á að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling.³ Á vefsíðu Umboðsmanns barna segir að í því felist meðal annars auðkenni sem felast í lækni- og erfðafræðilegum upplýsingum um einstaklinga og ættingja, blóðtengsl og fleira.⁴

Sex sinnum hefur tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn verið flutt á Alþingi, nú síðast haustið 2020. Þá var tillagan endurflutt nær óbreytt í ljósi þess að hún hafði áður ekki hlotið afgreiðslu. Samkvæmt tillögunni er dómsmálaráðherra falið að undirbúa lagabreytingu sem tryggi börnum þennan rétt, frumvarp þess efnis eigi að leggja fyrir Alþingi eigi síðar en í janúar 2021. Enn hefur umrætt frumvarp ekki verið lagt fyrir Alþingi.⁵ Viðfangsefnið er stórt og flókið og tel ég að heilt yfir mætti umræðan um einstakar mæður vera dýpri og fjölbreyttari í fjölmiðlum.

Hér á eftir verður farið nánar yfir vinnuferlið sem fór í að búa til útvarpsþættina *Einstakar mæður*. Flokka má þættina undir samfélagsmiðaða blaðamennsku. Áhersla er lögð á ákveðinn menningarkima innan samfélagsins, einstakar mæður. Þar koma saman konur sem eiga það allar eitt sameiginlegt að hafa gerst mæður án maka með aðstoð tæknifrjóvgunar. Í þáttunum fá konurnar tækifæri til að fræða aðra um ákvörðun sína og upplifun og hlustendum gefst færi á að fræðast um þetta ferli. Þá er einnig rætt við sérfræðinga um málefnið um ýmis siðferðileg álitamál sem verið hafa uppi gagnvart þessari leið.

³ Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. 2013.

⁴ *Umboðsmaður barna* 2018.

⁵ Tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að þekkja uppruna sinn 2020-2021.

Í fyrstu verður farið yfir fræðilega nálgun efnisins en þar er gerð grein fyrir verkefninu og það sett í fjölmiðlafræðilegt samhengi. Því næst verður farið yfir aðferðafræði þáttanna, vinnuferlið sjálft. Þar verður litið yfir ýmsar ákvarðanir sem teknar voru við gerð þáttanna líkt og val á viðmælendum og fleira. Einnig verða álitamál sem komu upp við gerð verkefnisins skoðuð. Að því loknu eru niðurstöður þáttanna teknar saman og gerð stuttleg grein fyrir því helsta sem kom fram í þáttunum. Í lokin eru niðurstöður dregnar saman ásamt umræðum um verkefnið og þann lærdóm sem ég tek út úr því.

1 Fjölmiðlar

Fjölmiðlakerfi heimsins ganga í gegnum hraðar breytingar þessi misserin. Með nýrri tækni og auðveldara aðgengi að upplýsingum á milli landa er óhætt að segja að landamæri á milli fjölmiðlakerfa séu að hverfa. Snjallsímar og spjaldtölvur gera það að verkum að heimurinn er einum smelli frá og í raun svo lítill að hægt er að bera hann í vasanum.⁶ Skilgreining á hugtakinu fjölmiðill hefur einnig breyst síðustu ár með tilkomu netmiðla. Hér á landi er fjölmiðill skilgreindur í íslenskum lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 á eftirfarandi hátt: „Fjölmiðill er hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.“⁷

1.1 Hlutverk fjölmiðla í lýðræðisríkjum

Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í lýðræðissamfélagi, ekki síst sem mikilvægur vettvangur til samfélagslegrar umræðu um málefni líðandi stunda en það er eitt af meginhlutverkum fjölmiðla.⁸ Fjölmiðlar hafa oft verið taldir sem „fjórða valdið“ á eftir þrískiptingu ríkisvaldsins: löggjafar-, framkvæmdar-, og dómsvaldinu. Hugmyndin að baki þrískiptingu ríkisvalds er að koma í veg fyrir að of mikil völd safnist á hendur fárra. Hver valdpáttur á að takmarka vald hins næsta og gegna þannig ákveðnu eftirlitshlutverki. Sem fjórða vald ber fjölmiðlum að veita ríkisvaldinu aðhald og þar af leiðandi hvílir mikil ábyrgð og skylda á þeim sem starfa í fjölmiðlum.⁹ Þá er eitt af hlutverkum fjölmiðla að auðvelda borgurum að taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum með því að veita þeim sem bestar upplýsingar á hverjum tíma. Til þess að fjölmiðlar geti sinnt því hlutverki þarf að ríkja fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði. Fjölbreytnin felur í sér úrval ólíkum og sjálfstæðum fjölmiðlum ásamt fjölbreyttu fjölmiðlaefni. Fjölræðið snýr aftur á móti að því að fjölmiðlar lúti ekki völdum fárra aðila.¹⁰

⁶ Ohlsson, *The Nordic Media Market*, kafli. 1.

⁷ Lög um fjölmiðla 2011.

⁸ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011.

⁹ Deuze, „What is journalism? Professional identity and ideology of journalists reconsidered,“ 447.

¹⁰ *Menntamálaráðuneytið* 2005:11

Trappel og Niemine fjalla skemmtilega um samband fjölmiðla og lýðræðis í bókinni *Comparative Media Policy, Regulation and Governance in Europe*. Þar líkja þeir sambandi fjölmiðla og lýðræðis við þar sem helst í hendur og telja að þannig sé vestrænn skilningur á sambandinu. Það að haldast í hendur tákni traust, nánd og ábyrgð gagnvart hvoru öðru. Horfa megi á lýðræði sem hugsjón þar sem allir meðlimir samfélagsins skulu ákveða saman hvernig samfélagið virki og sé stjórnað. Eftir því sem samfélög verði flóknari, því skýrari þurfi ramminn að vera. Í lýðræðisríkjum er lýðræðisleg kosning ákvörðunarferli þar sem fólk kys það sem það vill út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir. Í flestum tilfellum koma þessar tilteknu upplýsingar frá fjölmiðlum og þannig má færa rök fyrir því að fjölmiðlar séu ómissandi hluti af lýðræði.

Trappel og Niemine nefna tvær tegundir sambands á milli lýðræðis og fjölmiðla. Annars vegar formlegt og hins vegar óformlegt. Hið formlega er bundið í stjórnarskrár ríkja og vernda frelsi til tjáningar og upplýsinga. Óformlega sambandinu lýsa þeir frekar sem samfélagslegum samningi. Frá því sjónarhorni þarfnist fjölmiðlar lýðræðis til frjálsrar ræðu, upplýsinga, tjáningar og sjálfstæðis frá ríkinu. Fjölmiðlar þurfi frelsi til að geta gengt eftirlitshlutverki sínu sem fjórða vald eða varðhundur samfélagsins.¹¹

Frjálsræði fjölmiðla getur orðið fyrir hindrunum líkt og þegar viðskipta- og stjórn málaöfl hafa ítök í fjölmiðlum. Slíkt getur ógnað heilbrigðri og opinberri samfélagslegri umræðu. Þess vegna er mikilvægt að stuðlað sé að því að umhverfi fjölmiðla sé þannig búið að þeim sé fært að stunda vandaða fréttamennsku.¹² Í fjölmiðlalögum hérlendis eru lýðræðislegar grundvallarreglur fjölmiðla skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Fjölmiðlaveita skal í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skal virða mannréttindi og jafnrétti auk þess að hafa í huga friðhelgi einkalífs. Fjölmiðlaveita skal gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í umfjöllun sinni um fréttir og fréttatengt efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna. Fjölmiðlaveitu sem hefur þá yfirlýstu stefnu að beita sér fyrir tilteknum málstað skal vera óskyld að miðla efni sem gengur í berhögg við stefnu miðilsins.¹³

Ekki má gleyma menningarlegu hlutverki fjölmiðla í íslensku samfélagi. Menningarlega hlutverkið er ekki síður mikilvægara en lýðræðislega hlutverk þeirra. Í skýrslu nefndar um

¹¹ Trappel og Nieminen. „Media and Democracy: A Couple Walking Hand in Hand?“, 187-9.

¹² Auður Jónsdóttir, Bára Huld Beck & Steinunn Stefánsdóttir. *Þjáningarfrelsið*, kafli.1.

¹³ Lög um fjölmiðla 2011.

rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla, *Rekstrarumhverfi fjölmiðla*, þar sem farið er yfir tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla er fjallað um mikilvægi menningarlega hlutverksins. Fram kemur að metnaðarfullt menningarefni endurspeglir sögu og sjálfsmynd þjóðarinnar. Þar segir einnig: „Miðlarnir gegna lykilhlutverki í framleiðslu menningarefnis, miðlun á íslenskri myndlist, tónlist, sviðslistum og annarri menningarstarfsemi, auk þess sem fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í fréttáflutningi af menningarviðburðum, sagnaritun og umfjöllun um ýmislegt er viðkemur ólíkum menningarkimum og landshlutum.“¹⁴ Útvarpsþættirnir *Einstakar mæður* eru liður í slíkri umfjöllun sem ég kys að kalla samfélagsmiðlaða fréttamennsku.

1.2 Fjölmiðlaumhverfið á Íslandi

„Blaðamenn á Íslandi búa við ferlegar aðstæður, framleiðslukrafan er sturluð, eiginlega ómennsk sums staðar. Þeir hafa varla tíma til að skrifa textann sinn, hvað þá lesa hann yfir. Í þokkabót eru þeir svo margir hverjir á skítalaunum.“

Svona lýsir Eiríkur Bergmann, stjórn málafræðingur, aðstæðum blaðamanna á Íslandi í bókinni *Þjáningarfrelsið*.¹⁵ Íslenski fjölmiðlamarkaðurinn hefur tekið miklum breytingum undanfarna áratugi og er ekkert sem bendir til þess að þessar breytingar séu á enda. Fjölmiðlar hafa þurft að nútímavæðast til að halda sér á floti í þessum breytta heimi. Hérlandis hafa fjölmiðlar þróast úr því að vera flokksmiðlar yfir í svokallaða markaðsfjölmiðla. Aðstæður íslenskra blaðamanna hafa verið gagnrýndar eins og sjá má á orðum Eiríks hér að ofan. Hröð og mikil framleiðslukrafa gerir það að verkum að málefni sem þarfnast mikils tíma og vinnu þurfa oft að sitja á hakanum. Hér að neðan verður farið yfir umhverfi Ríkisútvarpsins og einkarekinna miðla hér á landi samanborið við önnur Norðurlönd.

1.2.1 Ríkisútvarpið

Í grein sinni, „*Íslenska fjölmiðlakerfið: Þróun og sérkenni*,“ leiða þeir Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason rök fyrir því að íslenska fjölmiðlakerfið hafi ákveðna sérstöðu vegna sögulegrar þróunar sem fjölmiðlakerfi Norðurlandanna hafa ekki. Þeir segja skipan Ríkisútvarpsins líkjast stór-evrópskri reglusetningu um almannáutvarp.¹⁶ Ríkisútvarpið er eini opinberi fjölmiðill landsins.

¹⁴ *Menntamálaráðuneytið* 2018:10-11

¹⁵ Auður Jónsdóttir, Bára Huld Beck & Steinunn Stefánsdóttir. *Þjáningarfrelsið*, kafli. 1.

¹⁶ Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason. „*Íslenska fjölmiðlakerfið: Þróun og sérkenni*.“

Í grein Jóns Gunnars Ólafssonar og Valgerðar Jóhannsdóttur „*The Icelandic news media in times of crisis and change*” kemur meðal annars fram að Ísland sé oft ekki tekið með inn í rannsóknir á fjölmiðlum en samt sem áður er það oft nefnt í tengslum við hin fjögur stærri Norðurlönd og oft sé talað um norrænt fjölmiðlamódel. Í greininni færa þau rök fyrir því að íslenska fjölmiðlakerfið sé þó í raun frekar ólíkt því sem gengur og gerist í hinum fjórum Norðurlöndunum á nokkra vegu. Þau segja að íslenska fjölmiðlakerfið hafi færst nær frjálslyndislíkaninu, sem samkvæmt Daniel C. Hallin og Paolo Mancini, einkennist af áherslu á markaðshlutverk fjölmiðla.¹⁷ Fjölmiðlar á Íslandi hafa ekki verið rannsakaðir mikið og þar af leiðandi eru tölfræðilegar upplýsingar um uppbyggingu og þróun þeirra takmarkaðri hér en í mörgum öðrum Evrópu ríkjum. Yfirvöld hér á landi hafa ekki haft auga með fjölmiðlamarkaðnum í sama mæli og önnur norræn ríki.¹⁸ Samkvæmt Jonas Ohlsson í bókinni *The Nordic Media Market* er sterk staða fjölmiðla í almannapjónustu, ríkisrekna útvarps- og sjónvarpsstöðvar, einkennandi fyrir fjölmiðlakerfi Norðurlandanna. Norðurlöndin reka öll ríkismiðla sem hafa haldið sterkri stöðu í hverju landi.¹⁹

Íslenska ríkið rekur Ríkisútvarpið, RÚV, sem sinnir útvarps- og sjónvarpsútsendingum ásamt því að halda úti vefmiðli. Í lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu 2013 nr. 23. kemur fram að RÚV sé þjóðarmiðill og veiti því fjölmiðlaþjónustu í almannapágu. Að vera ríkismiðill felur í sér ýmsar skyldur sem ekki endilega eiga við einkarekna miðla en þeirra skyldur snúa aðallega af því sem þeir eiga ekki að gera, fremur en því sem þeir eiga að gera. Sem dæmi eru skyldur RÚV að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni. Einnig á það að efla íslenska tungu og menningu og miðla vönduðu efni til allra landsmanna. Það á að vera vettvangur skoðanaskipta og gæta þess að sýna margbreytileika almennings ásamt ýmsum öðrum skyldum.²⁰

Íslenska kerfið er að nokkru leyti frábrugðið því sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Fjármögnun ríkisútvarpsins er ólíkt því sem gengur og gerist á hinum Norðurlöndunum, að Finnlandi frátöldu. Hér á landi eru útvarpsgjöld innheimt í gegnum skattkerfið ásamt því að RÚV hefur haft frjálsar hendur á auglýsingamarkaði frá upphafi, bæði í útvarpi og sjónvarpi.²¹

¹⁷ Hallin og Mancini. „Western Media Systems in Comparative Perspective.”

¹⁸ Jón Gunnar Ólafsson og Valgerður Jóhannsdóttir, „The Icelandic news media in times of crisis and change.”

¹⁹ Ohlsson, Jonas. *The Nordic Media Market*, kafli. 1.

²⁰ Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu nr. 23/2013.

²¹ Jón Gunnar Ólafsson og Valgerður Jóhannsdóttir, „The Icelandic news media in times of crisis and change.”

Þetta þekkist ekki annars staðar á Norðurlöndunum. Þegar tekjuþróun ríkisrekinnna fjölmiðla á Norðurlöndunum er skoðuðu má sjá áhugaverðan mun á Íslandi og hinum ríkjunum. Á árunum 2005-2013 jukust tekjur RÚV hlutfallslega meira en tekjur ríkisrekinnna fjölmiðla á hinum Norðurlöndunum.²² Eitt af fjórum meginatriðum Norræna fjölmiðla- og velferðarmódelisins eru kröfurnar um menningarlegt hlutverk fjölmiðla. RÚV er fjölmiðill í almannapjónustu samkvæmt lögum líkt og aðrir ríkismiðlar á Norðurlöndunum. Rekstur þess virðist þó mun markaðsmiðaðri.²³ Einkaréttur RÚV til útvarpsendinga var afnuminn árið 1986 og í kjölfarið dofnuðu tengsl stjórnmalaflokka og fjölmiðla.²⁴

1.2.2 Einkareknir fjölmiðlar

Ísland er ólíkt Norðurlöndunum hvað varðar fjölmiðlanotkun og framboð fjölmiðla. Hérlandis er markaðurinn lítill og því ekki mikið framboð af dagblöðum í háum gæðum sem höfða til ákveðinna lesendahópa, blöð eru ekki gefin út fyrir fólk með mismunandi kaupgetu. Á Íslandi hefur verið hefð fyrir því að fá fréttir og fréttæfni að kostnaðarlausu.²⁵

Á Norðurlöndunum fylgdu ýmsar kvaðir þegar einkarekstur útvarps- og sjónvarpsstöðva var leyfður. Þeim var ætlað að tryggja jafnan aðgang almennings að hinum nýju miðlum.²⁶ Íslensku fjölmiðlalögin fela ekki í sér sambærilegar kvaðir. Samkvæmt lögnum eiga fjölmiðlar að setja sér sjálfir reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði.²⁷ Hið opinbera hefur ekki haft mikil afskipti af starfsemi einkarekinnna fjölmiðla hérlandis og lengi vel var varla hægt að finna frjálslægri löggjöf hvað varðar einkarekna fjölmiðla eins og hér á landi. Það breyttist með fjölmiðlalögunum árið 2011 þegar heildstæð löggjöf um fjölmiðla var samþykkt í fyrsta sinn hér á landi.²⁸ Á Norðurlöndunum virðist þróunin annars vera á þá leið að falla frá kvöðum um efnistöð.²⁹

Hér á landi hefur rekstrarumhverfi einkarekinnna fjölmiðla verið gagnrýnt og eru flestir einkareknir miðlar reknir með tapi.³⁰ Í flestum tilfellum er bent á sterka stöðu RÚV á

²² Ohlsson, *The Nordic Media Market*.

²³ Syvertsen, Enli, Mjøs og Moe, „The Nordic Model and the Media Welfare State.”

²⁴ Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason. „Íslenska fjölmiðlakerfið: Þróun og sérkenni.”

²⁵ Jón Gunnar Ólafsson og Valgerður Jóhannsdóttir, „The Icelandic news media in times of crisis and change.”

²⁶ Syvertsen, Enli, Mjøs og Moe, „The Nordic Model and the Media Welfare State.”

²⁷ Lög um fjölmiðla nr. 38/2011.

²⁸ Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason. „Íslenska fjölmiðlakerfið: Þróun og sérkenni.”

²⁹ Ohlsson, Jonas. *The Nordic Media Market*.

³⁰ *Menntamálaráðuneytið* 2018:15.

auglýsingamarkaði í því samhengi. Á Norðurlöndunum eru beinir ríkisstyrkir veittir til einkarekinna dagblaða, netmiðla og stundum staðbundinna ljósvakamiðla. Oftar en ekki er yfirlýst markmið styrkjanna að auka menningar-, samfélags-, og lýðræðislegt hlutverk fjölmiðla. Tryggja þurfi ólík sjónarmið og menningarlega fjölbreytni.³¹

Samkvæmt Manuel Puppis eru tvær leiðir til að ná fram fjölbreytni í efni fjölmiðla, annars vegar svokölluð markaðsleið og hins vegar lagasetning um fjölmiðla í almannapágu. Fyrri leiðin, markaðsleiðin, felur í sér að fjölmiðlar afli tekna með auglýsingum, áskriftarsölu eða öðrum leiðum. Samkeppnislög sjá um að veita eignarhaldi aðhald og litlar sem engar kröfur eru gerðar um efnisval fjölmiðlanna. Hinn frjálsi markaður stjórnar svo framboði og þaðan kemur fjölbreytni markaðarins. Síðari leiðin, lagasetning um fjölmiðla í almannapágu, kveður á um ýmis skilyrði sem sett eru á útvarps- og sjónvarpsstöðvar í einkarekstri. Þessari leið geta fylgt fjárveitingar eða styrkir til fjölmiðlafyrirtækja. Puppis bendir einnig á að framleiðsla fjölmiðlaefnis sé óhagkvæm fyrir lítil ríki. Í raun kosti framleiðsla fyrir lítinn markað næstum það sama og fyrir stóra markaði og erfitt sé að afla tekna í litlum mörkuðum.³²

Óhætt er að lýsa fyrirkomulagi einkarekinna fjölmiðla hér á landi sem markaðsfjölmiðlun.³³ Markaðsleið Puppis er það sem einkareknir fjölmiðlar virðast notast við hér og það sama má segja um ríkismiðillinn RÚV. Einkareknir fjölmiðlar eru fjármagnaðir að mestu leyti með auglýsingatekjum hér á landi og litlum afskiptum hins opinbera. Annað gildir um einkarekna fjölmiðla á hinum Norðurlöndunum þar sem afskipti yfirvalda eru meiri og þeim fylgja ríkisstyrkir.

Til skoðunar er að breyta fyrirkomulagi einkarekinna fjölmiðla með því að veita þeim rekstrarstuðning með það að markmiði að jafna stöðu íslenskra fjölmiðla. Samkvæmt nýju fjölmiðlafrumvarpi Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmála ráðherra, getur þessi stuðningur, sem er í formi endurgreiðslu, verið að hámarki 25 prósent. Þá er markmið frumvarpsins að efla einkarekna fjölmiðla og þannig gera þeim betur kleift að sinna sínu hlutverki í nútímalýðræðissamfélagi.³⁴ Í vor samþykkti Alþingi að verja 400 milljónum króna í sérstakan rekstrarstuðning við fjölmiðla vegna áhrifa krórónuveirufaraldursins. Styrknum var

³¹ *Menntamálaráðuneytið* 2018:42.

³² Puppis, „Media Regulation in Small States,“ 7-17.

³³ Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason. „Íslenska fjölmiðlakerfið: Þróun og sérkenni.“

³⁴ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr.38/2011 (stuðningur við einkarekna fjölmiðla).

úthlutað á síðari hluta síðasta árs, á meðan greinargerð þessi var í vinnslu og er gríðarlega þýðingarmikill fyrir rekstrarumhverfi fjölmiðla.³⁵

1.3 Konur í fjölmiðlum

Í þrítugasta og níunda árgangi 19. júní – ársriti Kvenréttindafélags Íslands árið 1989 skrifaði Sigrún Stefánsdóttir leiðara ritstjóra. Þar skrifaði hún meðal annars eftirfarandi:

Einhver kann að spyrja hvort útgáfa rits af þessum toga sé tímaskekkja. Væri æskilegra að flytja umræðuna um málefni kvenna yfir á *önnur mið* fjölmiðla sem eru *líklegri* til að ná til þeirra sem við viljum helst fræða og hafa áhrif á? Nær 19. júní til annarra en þröngs hóps kvenna sem þegar eru virkar í baráttunni fyrir réttindum kvenna? Mitt svar við þessum vangaveltum um tilverurétt 19. júní er að blaðið sé ómissandi vettvangur sem beri að halda dauðahaldi í. Ársrit Kvenréttindafélagsins gegnir mikilvægu hlutverki í að skrá þá áfanga sem nást í jafnréttindabaráttunni á Íslandi og skrá sögu félagsins sjálfs, auk þess sem það er tryggur, árviss vettvangur fyrir þá sem vilja leggja eitthvað af mörkum í rituðu máli jafnrétti til framdráttar. Það hefur sýnt sig að fjölmiðla á Íslandi hafa tilhneigingu til þess að gefa konum og málefnum þeirra minna svigrúm en fjöldi íslenskra kvenna gefur tilefni til og mikilvægi málanna sem þær vilja koma á framfæri. Gildir þetta ekki síst um fréttamiðlana.

Sigrún hafði þó ekki lokið máli sínu þarna og skrifaði um þá staðreynd að konur stæðu ekki jafnfætis körlum þegar að fréttafni kæmi. „Samhliða baráttunni fyrir auknum hlut kvenna og aukinni umfjöllun um málefni kvenna í útvarpi, sjónvarpi, dagblöðum og almennum tímaritum þurfum við að ríghalda í sérblöð eins og 19. júní þar sem svigrúm er fyrir málefnalega, þverpólítíska, jákvæða umræðu um þau mál sem mest brenna á hverju sinni.“³⁶

Rúmum 28 árum síðar, árið 2017, skrifaði Bára Huld Beck frétt í Kjarnanum um mikilvægi þess að auka sýnileika kvenna í ljósvakamiðlum. Konur hefðu þá verið í 35 prósentu tilfella viðmælendur samkvæmt mælingum Creditinfo á stöðu kynjanna í ljósvakamiðlum sem Félag kvenna í atvinnurekstri lét framkvæma. Í fréttinni segir að til þess að efla konur í samfélaginu, þurfi að efla konur í fjölmiðlum.³⁷ Í lýðræðislegum grundvallarreglum um fjölmiðla hér á landi er tekið fram að fjölmiðlar skulu gæta þess að mismunandi sjónarhorn komi fram, karla jafnt sem kvenna.

Vissulega verið fjallað um einstakar mæður í íslenskum fjölmiðlum. Sú umfjöllun er þó ekki ýkja mikil og frekar einsleit að mati greinarhöfundar. Þegar ég ræddi við formann Félags einstakra mæðra nefndi hún að það væri mikilvægt að fá góða umræðu um þennan möguleika.

³⁵ *Kjarninn* 2020.

³⁶ Sigrún Stefánsdóttir 1989.

³⁷ Bára Huld Beck 2017.

„Maður vill alls ekki að almennt haldi fólk að eingöngu öfgafemínistar sem „hata karlmenn“ og samkynhneigðar konur velji þessa leið. Því það er langt frá því að vera raunin. Við erum allskonar, með ólíkan bakgrunn og veljum þessa leið til að eignast barn af ýmsum ástæðum.“ Þáttaröðin *Einstakar mæður* er til þess fallin að auka umræðu um þessa leið til barneigna og jafnframt auka skilning fólks á ástæðunni fyrir því að konur fara þessa leið.

1.3.1 Umfjöllun um einstakar mæður í fjölmiðlum á Íslandi þá og nú

„Íslenskar konur sjálfstæðari en bandarískar,“ þessi fyrirsögn birtist í grein 251. tölublaðs Morgunblaðsins árið 1988. Í greininni er rætt við erlendan stjórnmálafræðinema, Tanya Berg-Reeves, sem stödd var hérlandis ásamt prófessor sínum í kvennafræðum og heimspeki frá háskólanum í Kaliforníu. Í greininni segir Tanya: „Konur eru miklu sjálfstæðari hér á landi en heima. Þær virðast í heildina óhræddar við að taka einar á sig ábyrgð fjölskyldu, ef marka má fjölda einhleypra mæðra, virðast vera mjög sjálfstæðar við töku ákvarðana og komast oft langt í atvinnulífinu.“³⁸

Ári síðar, 1989, var fjallað um tæknifrjóvganir á Íslandi í ársriti Kvenréttindafélags Íslands, 19. júní. Í blaðinu voru fyrirsagnir og millifyrirsagnir á borð við „Tæknifrjóvgunum fjölgar ört á Íslandi.“ „Réttarstaða barna ótrygg.“ „Einhleypar konur og sambýliskonur útilokaðar.“ „Nafnleynd sæðisgjafa.“ Í blaðinu er meðal annars fjallað um drög að nefndaráliti um réttaráhrif tæknifrjóvgunar en á þessum tíma var enga löggjöf að finna um tæknifrjóvgun hér á landi. Þá var ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo af plöggum íslensku nefndarinnar að einhleypar konur og sambýliskonur yrðu útilokaðar frá tæknifrjóvgun „á þeim forsendum að tryggja beri velferð barnsins og tryggja því bæði móður og föður.“³⁹ Það reyndist raunin allt fram til ársins 2008.

Í 258. tölublaði Dagblaðsins Vísi árið 2005 má finna frétt sem ber yfirskriftina „20 íslensk börn frá sæðisgjöfum í Danmörku.“ Fréttin fjallar um einhleypar og samkynhneigðar íslenskar konur sem leituðu til Danmerkur til að eignast barn með tæknifrjóvgun. Þar segir að um 60 prósent af þeim konum sem leituðu til dönsku klínikinnar væru einhleypar og meðalaldur þeirra væri hærri en hjá samkynhneigðu konunum „því þær væru oft að bíða eftir

³⁸ Morgunblaðið 1988.

³⁹ 19. júní 1989.

prinsinum á hvíta hestinum sem aldrei kemur og svo vakna þær upp við vandan draum þegar þær átta sig á því að þær eiga ekki mörg ár eftir í barneign.⁴⁰

Þær umfjallanir sem hér hafa verið tilgreindar eru allar ritaðar áður en tæknifrjóvganir einhleypra kvenna urðu leyfilegar hér á landi. Við skulum skoða hvernig umræðan breyttist eftir að konur gátu sótt þessa þjónustu hér. Fréttatíminn var með grein um einstaka móður í einu af helgarblöðum sínum í október árið 2010. Í millifyrirsögn greinarinnar kemur strax fram að konan hafi búist við að hitta mann og stofna fjölskyldu. Hinn eini sanni hafi hins vegar ekki komið og hún hefði þá tekið málin í sínar hendur áður en það yrði of seint. Í viðtalinu segir móðirin meðal annars að: „...sennilega muni fleiri konur nýta sér þennan möguleika þegar umræðan um hann eykst.“⁴¹

Í 16. tölublaði Dagblaðsins Vísi árið 2018 voru umfjallanir um fjórar einstakar mæður. Í umfjöllun fyrstu einstöku móðurinnar er meðal annars fjallað um að hana hafi langað í barn en ekki fundið þann eina rétta. Þar sem þessi leið væri í boði þá ætlaði hún sér að nýta hana. Stuttlega er komið inn á val á sæðisgjafa, það sé flókið verkefni og að hún hafi tekið sér tvo til þrjá mánuði að velja gjafa. Þá nefnir móðirin að hún hafi ekki orðið fyrir fordómum en að hún upplifi mikla forvitni og vilji opna umræðuna. Næsta einstaka móðirin segir ástæðuna fyrir vali á þessari leið til barneigna hafa verið að hún hafi verið einstæð og langað í barn. Hún segist hafa orðið vör við fordómum í samfélaginu vegna ákvörðun sinnar. Þriðja einstaka móðirin átti dóttur og langaði í fleiri börn. Rétti maðurinn lét bíða eftir sér og þess vegna valdi hún að fara þessa leið. Hún nefnir einnig forvitni fólks um ferlið. Fjórdða einstaka móðirin kemur inn á þau forréttindi kvenna að geta farið þessa leið einar, það séu eflaust margir karlmenn sem myndu vilja eignast börn en geta það ekki. Hún segist jafnframt ekki finna fyrir fordómum en að fólk spái einna helst í því hvort hún hafi valið opinn eða lokaðan sæðisgjafa.⁴² Í flestum umfjöllunum hér að ofan er komið inn á mikilvægi umræðunnar um málefnið.

Hægt væri að halda áfram að rýna í eldri umfjöllun um málefnið en þegar bæði eldri og nýlegri umfjallanir um einstakar mæður eru skoðaðar verður ekki betur séð en að flestar séu þær í formi blaðgreina. Hins vegar voru gerðir netsjónvarpsþættir um málefnið og einstakar mæður hafa farið í útvarpsviðtöl samkvæmt upplýsingum frá formanni Félagsins einstakar

⁴⁰ *Dagblaðið Vísi* 2005.

⁴¹ Sigríður Inga Sigurðardóttir 2010.

⁴² *Dagblaðið Vísi* 2018.

mæður. Sjónvarpsþátturinn, Ísland í dag, hefur einnig að minnsta kosti þrisvar fjallað um einstakar mæður. Útvarpsþáttaröðin *Einstakar mæður* er því vonandi ákveðið framfaraskref til að auka umræðuna enn betur og það í ljósvakamiðli.

1.4 Útvarp

Útvarpið hefur sannað það aftur og aftur hversu lífseigur miðill það í raun er. Honum hefur oft verið spáð dauðadómi, sennilega einna mest þegar sjónvarpið kom til sögunnar. Útvarpið stendur þó enn og er í raun sterkara í dag en nokkru sinni fyrr. Kafli Hans J. Kleinsteuber „Radio: A Resilient Medium“ í bókinni *Media in Europe Today* lýsir þessu ágætlega. Hann segir að á stafrænu öldinni hafi hljóðvörp (e. Podcast) mikil áhrif og að þau séu bein afleiðing útvarpsins. Þá sé útvarpið enn einn af áhrifaríkustu miðlunum í Evrópu. Það sé beintengt við sögu og þróun evrópskra ríkja og menningar. Útvarpið hafi þróast í takt við tíðarandann og virðist ekki ætla líða undir lok.⁴³

Í fyrsta kafla bókarinnar *Radio Production* fer Robert McLeish yfir einkenni útvarpsins sem fjölmiðils. Þar nefnir hann meðal annars að útvarpið sé blindur miðill en bendir á að hann örví ímyndunaraflið um leið og heyrir í útvarpinu. Fólk ímyndi sér hver sé á bakvið hljóðnemann og að sú mynd geti verið hvernig sem er, ólíkt myndinni í sjónvarpinu. Útvarpið tali til fjöldans á sama tíma og það tali til einstaklinga. Útvarpið sé þannig persónulegra og komi beint til hlustandans. Þá sé hægt að nálgast efni útvarpsins hvar og hvenær sem er. Síðan kemur McLeish inn á áhugaverðan punkt um útvarpið sem bakgrunn – einmitt það. Útvarpið sé oft notað sem bakgrunnshljóð því það tekur ekki alla athyglina á sama hátt og sjónvarpið getur gert. Líkt og ég benti á í upphafi þessarar greinagerðar þá er það kannski ekki alltaf kostur.⁴⁴ Ein af sérstöðum útvarpsins er að það er færanlegasti miðillinn.⁴⁵ Hægt er að hlusta á útvarpið hvar og hvenær sem er, í bílnum, símanum, tölvunni, sjónvarpinu og sturtunni sem dæmi. Ein önnur sérstaða þess yfir til dæmis prentmiðla er röddin og tilfinningarnar sem hún getur gefið. Röddin getur gefið svo miklar tilfinningar alveg eins og hikin, þagnirnar, hláturinn, gráturinn og reiðin.⁴⁶

⁴³ Kleinsteuber, „Radio: A Resilient Medium,“ 61-78.

⁴⁴ McLeish, *Radio Production*, kafli. 1.

⁴⁵ Kern, *Sound reporting*, kafli. 1.

⁴⁶ McLeish, *Radio Production*. kafli. 1.

Það sem heillaði einnig við útvarpið við vinnslu þessa verkefnis er hlaðvarps hliðin. Auðvitað hefur aðal markmiðið alltaf verið að koma þáttunum í útvarp, til dæmis á Rás 1. Gangi það ekki upp er hins vegar alltaf hægt að miðla þáttunum með öðrum leiðum, í gegnum netið og hlaðvarpi. Það er einn af þeim frábæru möguleikum sem hljóðið býður upp á.

2 Vinnuferlið

2.1 Ferðalagið frá hugmynd að veruleika

Í inngangi greinargerðarinnar var fjallað um aðdraganda þessa verkefni sem var langur og það sama má segja um hugmyndavinnuna. Ég var staðráðin í því að fjalla um fólk. Í upphafi þessarar annar heyrði ég í kennara mínum, Valgerði Önnu Jóhannsdóttur, lektor og umsjónarmanni meistaranáms í blaða- og fréttamennsku. Ég bar undir hana ýmsar hugmyndir að efni, allar tengdar sögum af fólk. Hún benti á tvö efni sem henni fannst áhugaverðari en önnur.

Eftir smá umhugsun valdi ég að fjalla um einstakar mæður, ég hafði unnið með það efni fyrr í náminu. Þá tók ég viðtöl við tvær einstakar mæður en þær kveiktu hjá mér enn frekari áhuga á að vinna meira með efnið. Sögur þeirra voru mjög ólíkar en báðar mjög áhugaverðar. Ég hugsaði með mér að hver og ein kona hefði eigin sögu að segja og allar væru þær frábrugðnar hvorri annarri þrátt fyrir að þær væru í raun allar að ganga í gegnum sama ferli. Þegar uppi er staðið eru engar tvær konur eins. Ferli einnar konu getur verið svo fjarri ferli þeirrar næstu þrátt fyrir að takmarkið sé alltaf það sama, að verða móðir. Hjá einni konu getur ferlið gengið hratt fyrir sig og hún orðið ólétt eftir eina tilraun á meðan önnur þarf að ganga í gegnum allskyns raunir til að láta draum sinn rætast. Það er nokkuð ljóst að það eru fullt af einstaklingum og þörum sem ganga í gegnum svipaða hluti. Í dag eru fjölskyldur allskonar. Þess vegna er umræðan svo mikilvæg.

Þættirnir eru ætlaðir þeim sem hafa áhuga á samfélagslegum málum. Þá henta þeir einnig vel fyrir konur og þör sem vilja eignast börn en glíma við ófrjósemi. Fjölmíðlar gegna menningarlegu hlutverki eins og umfjöllun um ólíka menningarkima og menningarefni sem endurspeglar sögu og sjálfsmynd þjóðarinnar. Þættirnir *Einstakar mæður* gegna samfélagslegu hlutverki sem fellur undir það menningarlega að mínu mati. Þættina má því flokka sem nokkurs konar samfélagsmiðaða blaðamennsku. Ég vonast til að þáttunum verði útvarpað á Rás 1, sem innslag í þætti á við Samfélagið. Þá hafði hlaðvarp einnig í huga við vinnslu þáttanna. Rétt er að geta þess að vegna réttindamála yrði ég þó að breyta tónlistinni ef ég myndi gefa þættina út á eigin vegum en ekki innan vébanda RÚV þar sem RÚV borgar stefgjöld og er með samninga við íslenska tónlistarmenn, sem ég hef ekki.

Í þáttunum skoða ég ákveðinn hóp innan samfélagsins, konur sem allar eiga það eitt sameiginlegt að ákveða að eignast börn einar, án maka, með tæknifrjóvgun. Ég ræði bæði við sérfræðinga og konurnar sjálfar. Sérfræðingarnir fjalla um siðferðileg álitamál sem eru uppi

gagnvart þessari leið til barneigna. Þeir dýpka skilninginn á efninu. Síðan fræða konurnar hlustendur um ferlið sjálft og persónulega líðan og upplifanir þeirra. Ef þættirnir skila þeim árangri sem ég lagði upp með, að auka skilning innan samfélagsins á þessari tegund fjölskyldna eða hjálpa einhverjum sem er í svipuðum sporum eða hugleiðingum, þá er markmiðinu náð.

Upphaflega hafði ég hugsað mér að gera þrjú 30 mínútna þætti um einstakar mæður. Leiðbeinandi minn, Anna Marsý, benti mér svo vingjarnlega á að ef ég vildi reyna að koma þáttunum í útvarp, til dæmis hjá Ríkisútvarpinu, væri skynsamlegra að hafa tímalengd þáttanna í takt við það sem tíðkast þar. Plássin væru yfirleitt um 10 til 15 mínútur að lengd eða 40 til 50 mínútur. Mig langaði að taka viðtöl við fleiri frekar en færri konur svo það var kjörið að gera nokkra 15 mínútna þætti.

Í fyrstu var stefnan sett á tvo viðmælendur í hverjum þætti, eina einstaka móður og einn fræðimann. Hugmyndin var að flétta saman frásögn móður og fræðimanns. Þessi hugmynd átti þó eftir að breytast eins og svo margt annað sem ég lagði upp með í byrjun. Ég er þó ótrúlega ánægð og þakklát með þær breytingar sem urðu á verkefninu eftir því sem ég vann meira í því enda gerir það þessa frumraun mína í útvarpsþáttagerð betri fyrir vikið að mínu mati.

Helsta ástæða þess að ég hætti við hugmyndina um að flétta sérfræðinga og einstakar mæður sama í hvern þátt var sú að þegar ég hóf klippa viðtölin fannst mér frásagnir kvennanna svo magnaðar að ég vildi leyfa þeim að njóta sín einar og sér. Ég er mjög sátt við lokaútkomuna hvað það varðar. Sögur kvennanna ættu að snerta hlustendur og fanga athygli þeirra enda eru sögur þeirra allar mjög áhugaverðar. Þær gefa í raun ekkert eftir og eru mjög opnar með ferlið sem þær gengu í gegnum til þess að láta langþráðan draum rætast.

Þegar uppi var staðið urðu þættirnir fjórir um það bil 15 mínútur að lengd hver og allir með ákveðið þema. Í fyrsta þætti fræða fjórir sérfræðingar hlustendur um einstakar mæður og ýmis álitamál sem hafa verið uppi gagnvart þessari leið til barneigna, þá einna helst rétt barna til þess að þekkja uppruna sinn. Í öðrum þætti fer einstök móðir yfir ferlið sem hún gekk í gegnum til að verða móðir. Þáttur þrjú fjallar um val einstakrar móður á sæðisgjafa og fjórði og síðasti fjallar um líffræðileg hálf systkini dóttur einstakrar móður.

2.2 Óvænt en ekki svo óvænt

Árið 2020 hefur verið vægast sagt óvenjulegt ár. Snemma í byrjun árs hér á landi hófst kórónuveirufaraldurinn. Þrátt fyrir að allir séu orðnir langþreyttir á umræðu og fréttum um

veiruna er nauðsynlegt að koma örlítið inn á hana hér. Faraldurinn leiddi til þess að verkefnið þróaðist aðeins öðruvísi en ég átti von á. Þá þurfti ég að nota hugmyndaflugið þó nokkrum sinnum til þess að láta hlutina ganga upp. Þegar vinnan við lokaverkefnið hófst fyrir alvöru stóð þriðja bylgja faraldursins sem hæst. Ég hafði því miklar áhyggjur af því að finna viðmælendur sem vildu hitta mig augliti til auglitis. Efnið er mjög persónulegt og miklar tilfinningar búa að baki, því var mikilvægt að hitta konurnar. Ég var búin að gera ráðstafanir og fá stofu upp í Háskóla til þess að taka upp viðtölin og einnig upptökutæki sem gerðu mér kleift að sitja eins langt frá viðmælenda mínum og hægt var. Við komum betur að því örlítið síðar.

Þegar ég fór að leita af viðmælendum var hugmyndin að hafa tvo viðmælendur í hverjum þætti, fræðimann og einstaka móður. Viðmælendurnir urðu því átta í heildina, fjórar konur og fjórir fræðimenn. Af þessum átta einstaklingum var einungis einn karlmaður. Ástæðan fyrir kynjahallanum er einföld, þátturinn fjallar um einstakar mæður en þær eru allar kvenkyns. Í upphafi var ég staðráðin í því að ræða við umboðsmann barna og félagsráðgjafa hjá Livio. Það vill svo til að báðir þessir fræðimenn eru kvenkyns. Umboðsmaður barna, Salvör Nordal, er sá einstaklingur sem þekkir rétt barna einna best og því var mikilvægt að ná tali af henni. Þá fannst mér félagsráðgjafi Livio líka mikilvægur viðmælandi þar sem þangað leita meðal annars íslenskar konur sem vilja verða einstakar mæður. Gerð er krafa um viðtal við félagsráðgjafa þegar einstakar mæður leita til Livio og því fannst mér mikilvægt að ræða við hann. Þá fannst mér mikilvægt að fá sjónarmið siðfræðings á álitamálum og var þá kjörið að fá tvo siðfræðinga, einn af hvoru kyni.

Októbermánuður fór í að finna viðmælendur, fjórar einstakar mæður og fjóra fræðimenn. Ég hafði samband við annan af tveimur félagsráðgjöfum hjá Livio sem benti mér á hana Helgu Sól Ólafsdóttur sem er einnig félagsráðgjafi hjá Livio með mikla reynslu, þá er hún einnig umsjónarmaður gjafa- og sæðisbankans þar. Ég hafði samband við hana símleiðis og hún var strax reiðubúin að hitta mig svo lengi sem fyllstu sóttvarnarreglum yrði gætt þar sem hún vinnur einnig á kvennadeild Landspítalans sem og Barnaspítalanum. Þegar ég ræddi við Helgu Sól símleiðis til að bóka viðtal mælti hún með því að ég næði tali af Ástríði Stefánsdóttur, dósent á menntavísindasviði við Háskóla Íslands, með bakgrunn í læknisfræði og heimspeki. Hún hefur unnið mikið í siðferðilegum álitamálum meðal annars tengdum líf- og læknisfræði. Ég ákvað því að heyra í henni bæði í gegnum tölvupóst og símleiðis. Hún samþykkti viðtal en

hennar viðtal var tekið í gegnum samskipta forritið Zoom og er eina viðtalið sem er ekki tekið upp í eigin persónu.

Síðan var það Salvör Nordal, ég sendi henni tölvupóst með beiðni um viðtal. Eftir nokkrar ítrekanir komst ég í samband við hana og hún samþykkti beiðnina. Það gekk þó brösuglega að bóka tíma en á endanum hittumst við í lok nóvember. Þegar þær þrjár höfðu samþykkt viðtal þá fannst mér ekki koma annað til greina en að ræða við karlkyns siðfræðing og varð Henry Alexander Henrysson fyrir valinu en hann er með doktorspróf í heimspeki, kennir hana en hefur mest kennt siðfræði síðustu ár. Ég sendi honum tölvupóst sem hann svaraði um hæl. Hann var fyrsta viðtalið mitt og var það tekið upp heima í stofu hjá honum, að hans ósk. Helgu Sól og Salvöru Nordal hitti ég í Háskólanum, stofu 203 í Odda. Ég þurfti rými sem bauð upp á góð fjarlægðarmörk og þessi stofa hentaði vel, ekki of stór en ekki of lítil heldur.

Næsta mál á dagskrá var að finna fjórar einstakar mæður. Ég nálgadist konurnar í gegnum formann félagsins Einstakar mæður, Jóhönnu Bárðardóttur. Hún setti auglýsingu inn á Facebook-síðu félagsins auk þess sem hún hafði sjálf samband við nokkrar til að auka fjölbreytileikann. Alls höfðu níu konur samband við mig í tölvupósti. Ég valdi svo fjórar konur með það að markmiði að velja sem fjölbreyttastan hóp kvenna. Það gekk vonum framár, konurnar sem ég valdi voru eftirfarandi í stafrófsröð:

- Alma Glóð Kristbergsdóttir, 24 ára með sjö mánaða barn
- Herdís Helga Schopka, 46 ára með 15 mánaða barn
- Ragnheiður Anna Thorsteinsdóttir 51 árs með 9 ára gamalt barn
- Raket Snorradóttir 31 árs, gengin 28 vikur

Ég þurfti aðeins að sannfæra sumar konurnar um að hitta mig í persónu en á endanum samþykktu allar að hitta mig í Háskólanum nema ein sem kaus að hitta mig utandyra. Ég hitti hana í Hólavallakirkjugarðinum í Vesturbæ einn laugardagsmorgunn. Úti voru um mínus sex gráður og heiðskírt. Það viðraði afskaplega vel og við sátum á tveimur bekkjum í kirkjugarðinum og ræddum saman. Þegar um það bil ellefu mínútur voru liðnar af viðtalinu fraus upptökutækið – eitthvað sem ég hafði alls ekki gert ráð fyrir. Við ákváðum því að fresta viðtalinu og samþykkti hún að hitta mig upp í Háskóla nokkrum dögum síðar.

Þættirnir eru allir teknir upp með MixPre 6 upptökutæki sem fengið var að láni frá skólanum. Allir viðmælendur þáttanna fengu vel sprittaða nælu til að næla í hálsmálið og gátu því haldið góðri fjarlægð frá mér. Nælurnar voru þó ekki eingöngu tilkomnar vegna krórónuveirunnar heldur hafði leiðbeinandinn minn bent mér á að með því að nota nælur fremur en hefðbundna hljóðnema gleymi viðmælendur stundum stað og stund. Þeim líði síður eins og þeir séu í viðtali og geti þá fyrir vikið jafnvel verið opnari en ella.

Ég kom aldrei nálægt viðmælendum mínum og var með grímu og hanska allan tímann í öllum viðtölunum nema tveimur. Þá varð ég líka að treysta því að viðmælendur mínir gætu stillt upp nælunni sjálfir. Sumir viðmælendanna voru einnig með grímur í viðtölunum og heyrist það sums staðar í upptökunum. Þrátt fyrir aðstæður viðtalanna væru ólíkar því sem ég hafði séð fyrir mér vegna heimsfaraldursins reyndi ég að hafa viðtölin þannig að ég væri að hitta konurnar á þeim forsendum að ég væri að fara spjalla við þær, fræðast um málefnið og fá að heyra sögur þeirra frekar en að stilla þessu upp sem formlegu viðtali. Það er einmitt eitt af því sem David Randall fer yfir í bók sinni *The Universal Journalist*.⁴⁷ Þrátt fyrir að vera tilbúin með spurningar fyrir konurnar passaði ég að lesa í aðstæður hverju sinni. Viðtölin voru öll ólík en það voru ákveðnir hlutir sem ég vildi vita, það var því mismunandi hvernig ég bar þær spurningar upp.⁴⁸ Á meðan konurnar sögðu sögur sínar reyndi ég að láta sem minnst fyrir mér fara. Ég kinkaði eingöngu kollu í stað þess að segja eitthvað fyrr en ég var viss um að þær hefðu lokið frásögninni hverju sinni. Markmið mitt var að reyna skemma engar þagnir, hik eða annað óvænt. Þegar ein kvennanna brast í grát átti ég erfitt með mig, ég passaði þó að segja ekkert og gefa henni tíma til að átta sig á hlutunum. Þegar uppi er staðið er ég frekar ánægð með hvernig viðtölin heppnuðust þrátt fyrir að aðstæður og umhverfi þeirra hafi verið allt aðrar en ég hefði kosið.

Nú gætu glöggir lesendur verið búnir að átta sig á því að þættirnir eru einungis fjórir, þrátt fyrir að fræðimennirnir séu allir í þeim fyrsta og einstakar mæður í hinum þremur. Ég tók þó viðtal við fjórar einstakar mæður líkt og fram hefur komið. Hvað varð þá um eina þeirra? Í fullkomnum heimi hefðu þættirnir endað fimm. Í viðtali mínu við yngsta viðmælandann, Ölmú Glóð, vaknaði sjö mánaða sonur hennar þegar viðtalið hófst. Hún hélt því á honum á meðan við ræddum saman. Alma Glóð var með nælu hljóðnema í hálsmálinu en litla krílinu fannst hún

⁴⁷ Randall, *The Universal Journalist*, kafli. 7.

⁴⁸ Ibid, kafli. 7.

mjög spennandi, eðlilega. Á staðnum fannst mér eins og það hefði ekkert mjög truflandi áhrif á hljóðið en síðan þegar ég hlustaði á viðtalið aftur þá heyrðist það vel. Svona geta óvæntir hlutir haft áhrif. Með meiri reynslu hefði ég mögulega getað séð þetta fyrir en svona lærir maður af mistökunum. Ég hefði getað reynt að hitta hana aftur en ég var komin í tímaþröng með verkefnið í heild sinni svo ég tók þá ákvörðun halda mig við það efni sem ég hafði. Hins vegar ef mér býðst að útvarpa þáttunum, gæti ég alveg séð fyrir mér að bæta þeim þætti við þegar þar að kemur. Alma er ung og fer í þetta ferli af allt öðrum ástæðum en til dæmis þær konur sem finnst þær vera renna út á tíma eða hafa ekki fundið maka. Viðtalið var mjög áhugavert svo það væri gaman að láta það fylgja með.

Þegar viðtölunum var öllum lokið hóf ég klippivinnuna sem ég fer betur yfir hér að neðan. Í miðri klippivinnunni ákvað ég hins vegar í samráði við leiðbeinandann minn að hver þáttur hefði ákveðið þema líkt og fjallað var um í kafla 2.1. Það þýddi að mig langaði að hitta tvær af konunum aftur til að ná aðeins betur utan um þeirra efni. Þá hafði það einnig verið draumur að ræða við barn sem getið er á þennan hátt. Þau eru þó flest ung svo ég gerði ekki ráð fyrir því að sá draumur myndi rætast. Elsta móðirin, Ragnheiður Anna, á níu ára dóttur, Emblu, og ákvað ég að athuga hvort Ragnheiður Anna gæfi mér leyfi til þess að ræða stuttlega við hana fyrir fjórða þátt en hann fjallar um hálf systkini hennar. Ég benti henni þó á að ég myndi virða það fullkomlega ef þær hefðu ekki áhuga á því. Þær voru mjög jákvæðar og svo fór að ég hitti þær á heimili þeirra í Árbæ um miðjan desember og ræddi við Emblu ásamt móður hennar. Þá hitti ég Rakel aftur upp í háskóla um miðjan desember.

2.3 Samkomutakmarkanir höfðu ekki áhrif á þessa klippingu

Eftir að hafa lokið upptökum á viðtölum við viðmælendur neyddist ég til að hugsa um næsta skref. Ferlinu sem fram að þessu hafði verið mér sem þyrnir í augum. Hér fóru allar heimsins efasemdir um mína eigin getu og hæfileika af stað. Nokkrum sinnum í ferlinu íhugaði ég að fresta verkefninu, ég myndi hvort sem er að öllum líkindum falla á tíma. Sem betur fer tók ég ákvörðun um að gefa allt í verkefnið til að klára á tilsettum tíma. Maðurinn minn minnti mig reglulega á eitt af lykileinkunnarorðum fyrirtækisins sem hann vinnur hjá, *done is better than perfect*. Ég á það nefnilega stundum til að ofhugsa hlutina og vilja hafa þá fullkomna. Eftir á að hyggja er ég fegin að ég hlustaði því annars sæti ég sennilega enn að klippa fyrsta þátt.

Í fyrstu hafði ég hugsað mér að klippa þættina í Final Cut Pro forritinu. Ástæðan var einfaldlega sú að ég hafði meiri reynslu af því forriti en öðrum eftir að hafa notast við það í

náminu nýlega. Vegna tæknilegra örðugleika gat ég ekki náð í forritið og ákvað þá að sækja Hindenburg forritið sem ég hafði einnig lært á í náminu. Ég er ánægð með þá ákvörðun því það reyndist mjög einfalt að rifja upp Hindenburg kunnáttuna.

Leiðbeinandinn minn hafði bent mér á að það borgaði sig að klippa skynsamlega, merkja klippurnar og annað. Ég tók það allt til mín á meðan við ræddum saman en um leið og ég fór að klippa fann ég að það hentaði mér mun betur að klippa eftir minni. Ég fór í gegnum öll átta viðtölin og klippti niður alla mikilvægustu kaflana og gaf þeim nafn. Venjulega bara fyrstu þrjú orðin í setningu viðkomandi. Þegar ég hafði lokið því hafði ég samband við leiðbeinandann minn. Mér fannst ég hafa of mikið af áhugaverðu efni og hafði efasemdir um að svona stuttir þættir gætu endurspeglað sögur kvennanna nægilega vel. Hún var ekki lengi að ansa því og vísaði í eftirfarandi tilvitnun:

Kill your darlings, kill your darlings, even when it breaks your egocentric little scribbler's heart, kill your darlings.

- Stephen King

Hún ráðlagði mér að gera stutt efni sem ég vissi að væri mjög áhugavert allan tíman frekar en langt efni sem væri einungis í meðallagi áhugavert. Ég ákvað að treysta því, sem betur fer, því ég er mjög ánægð með útkomu þáttanna eins og þeir eru.

Ég hélt klippivinnunni áfram eftir minni. Það var alltaf markmiðið að segja sögur kvennanna og eftir að ég tók ákvörðun um að hafa þema í hverjum þætti varð klippivinnan örlítið auðveldari. Þemað hjálpaði líka til við að hafa sögur hnitmiðaðar með upphaf, miðju og endi. Þá fannst mér líka mikilvægt að það væri ljóst frá upphafi hver sagan væri án þess þó að mata það ofan í fólk. Allar kynningar þáttanna eru stuttar en hnitmiðaðar og til þess fallnar að hlustandi veiti þættinum athygli strax frá upphafi. Samkvæmt Jonathan Kern í bókinni *Sound Reporting* er kynning þátta mikilvæg, ef ekki það allra mikilvægasta og bendir hann á að hún jafngildi fyrirsögn og krækjum sem eiga að grípa athygli hlustandans frá fyrstu stundu.⁴⁹

Ég klippti út alla parta sem fjölluðu um þema hvers og eins þáttar. Síðan hlustaði ég á klippurnar og raðaði saman þar til að sögurnar stóðu vel einar og sér. Ég klippti þættina ekki eftir röð þeirra heldur varð þáttur númer þrjú fyrstur til. Síðan færði ég mig yfir í annan og fjórða þátt og endaði á fyrsta þættinum. Ferlið tók að öllum líkindum lengri tíma fyrir vikið

⁴⁹ Kern, *Sound Reporting*, kafli. 6.

vegna óskipulagðrar klippivinnu en ég fann að þetta hentaði mér betur. Þrátt fyrir að viðtölin hefðu verið átta og öll um það bil klukkustund að lengd þá mundi ég nokkurn veginn allt það mikilvægasta úr hverju og einu. Viðmælendurnir áttu allir sín augnablik í viðtölunum sem voru mjög eftirminnileg að mínu mati. Þess vegna hentaði líka vel að vera með þemu í þáttunum.

2.4 Framsetning

Öll upptaka viðtala og eftirvinnsla þáttanna var að fullu í mínum höndum. Frásagnir kvennanna áttu að vera í formi sagna þess vegna klippti allar spurningar mínar út. Umfjöllun þáttanna er frásagnadrifin. Hún er drifin áfram af persónulegum frásögnum um efnið. Viðtalsform hefði gjörbreytt eðli þáttanna og vildi ég lágmarka mína innkomu í þáttunum eins og hægt var til þess að leyfa sögunum að njóta sín. Í fjórða þætti þegar ég ræði við Emblu, dóttur Ragnheiðar Önnu, þótti þó nauðsynlegt að hafa spurningar mínar inni til að fá samhengi. Kynningar þáttanna og afkynning fyrsta þáttar eru lesnar upp af mér og fékk ég afnot af stúdíói hjá Ríkisútvarpinu til að taka upp þá hluta.

Upphaflega hafði ég séð fyrir mér að nýta útvarpið, hljóðið, til hins ýtrasta með því að vera með hljóð og tónlist í stóru hlutverki. Þá hafði ég hugsað mér að taka upp skemmtileg barnahljóð heima við þar sem börnin mín myndu vera í aðalhlutverki. Hins vegar þegar ég fór að vinna þættina og klippa þá til þá fannst mér hljóðin ekki henta efninu. Þegar uppi var staðið fannst mér hljóðin trufla flæði þáttanna og gera minna úr viðtölunum. Þar sem þættirnir eru ekki langir, fannst mér ég þurfa nýta allar þagnir og hugsanir kvennanna til þess að sögur þeirra fengju það rými sem þær ættu skilið. Fyrir mér skiptu réttu þagnirnar svo miklu máli, sem dæmi má heyra langar þagnir í þætti tvö. Þar spila þær mjög stórt hlutverk og eru nákvæmlega eins og þær voru á mörgum stöðum í viðtalinu, hvorki styttrar né lengdar. Þagnirnar, sér í lagi í þeim þætti, gefa frá sér svo miklar tilfinningar sem ég vona að hlustendur finni og jafnvel lifi sig inn í. Viðtalið hreyfði við mér, bæði á staðnum og einnig þegar ég hlustaði á það aftur og aftur. Alltaf komu sömu tilfinningar upp, þrátt fyrir að ég vissi hvað ég væri að fara heyra. Ég trúí því að hlustendur muni finna áhrifin líka.⁵⁰

Hvað hljóðgrafík þáttanna varðar langaði mig að hafa íslenska listamenn. Eftir miklar vangaveltur valdi ég lagið Sólskin af plötunni Vögguvísur sem upphafs- og lokalag þáttanna.

⁵⁰ Kern, *Sound Reporting*, kafli. 12.

Hafdís Huld syngur lagið og sá um þýðingu texta ásamt Jimmie Davis. Eftir að hafa hlustað á ótal mörg lög fannst mér lagið smellpassa um leið og ég heyrði það. Textinn sem heyrir í upphafi og lok þáttanna er eftirfarandi:

„Þú er mitt sólskin,
mitt ljósið bjarta,
veitir með gleði sérhvern dag.
Geislarnir ylja mér inn að hjarta,
og þaðan syng ég þetta lag.“

Þegar ég heyrði lagið varð mér strax hugsað til barnanna minna sem eru litlu sólargeislarnir mínir. Mér fannst það því fullkomið fyrir þættina því konurnar eiga það allar sameiginlegt að langa í barn og elta draum sinn.

Þegar ég hafði klippt fyrsta þáttinn fann ég að mig vantaði tónlist inn í þættina bæði sem undirspil og til þess að setja á milli sumra klippa til þess að gefa hlustendum tíma til þess að anda og melta það sem þeir heyrðu. Mér fannst mikilvægt að sú tónlist væri lágstemmd og einungis hljóðfæraleikur. Þegar ég rakst á lagið Woven Song eftir Ólaf Arnalds vissi ég að rétta lagið væri komið. Lagið minnir mig helst á náttúruhljóð líkt sjóinn og öldur. Það passar vel inn í efni þáttanna og allar tilfinningarnar að mínu mati.

2.5 Mistök eru til að læra af

Áskoranir við gerð þessa verkefnis voru ýmsar. Heimsfaraldur kórónuveirunnar spilaði stórt hlutverk í því hvernig og hvar þættirnir voru teknir upp. Sumar hljóðupptökurnar eru eftir því. Í viðtalinu við Henry Alexander bergmálar til dæmis svakalega. Viðtalið var tekið upp í stofunni heima hjá honum. Rýmið var mjög opið og grunaði mig strax að það yrði kannski ekki eins gott hljóð og ég hefði kosið en ákvað samt að taka viðtalið enda var ég ekki viss um að geta fengið nýtt viðtal á öðrum stað í þessu ástandi. Það sama á við um viðtalið við Ölmú, yngstu móðurina, þar sem ég fann strax að hljóðið yrði ekki fullkomið. Sú tilfinning reyndist rétt en upptakan var að mestu leyti ónothæf.

Þá þurfti ég líka sannfæra nokkra viðmælendur um að hitta mig í persónu. Ég var með grímu og hanska í öllum viðtölunum nema tveimur og maður veltir fyrir sér hvort það hafi haft áhrif á viðtölin sem slík. Mig langar að trúá því að svo hafi ekki verið enda náðu konurnar að opna sig vel í viðtölunum. Það bendir til þess að þeim hafi liðið vel á meðan þeim stóð. Eftir

viðtölin voru helstu áskoranirnar þær að ég hafði gríðarlega mikið efni í höndunum, um það bil klukkustundar viðtöl við alla átta viðmælendur mína, sem ég þurfti að klippa niður í öreindir og raða niður í mjög stuttar sögur. Sögurnar þurftu því að vera afskaplega hnitmiðaðar en samt hafa upphaf, miðju og endi og koma mikilvægustu frásögnunum til skila.

Á lokametrum verkefnisins varð mér hugsað til upphafsins. Eftir á að hyggja hefði ég kosið að hafa unnið hugmyndavinnu verkefnisins betur í upphafi. Ég fór frekar blint af stað í viðtölin og endaði á að hitta tvo viðmælendur aftur. Ekki af því viðtölin þeirra voru ekki góð heldur vildi ég fá aðeins ítarlegri upplýsingar og þá bætti ég auðvitað við viðtali við dóttur annarrar konunnar. Þar sem seinni viðtölin við þessa viðmælendur voru ekki tekin upp á sama stað og þau fyrri má greina smá hljóðmun. Ég reyndi þó að gera allt sem í mínu valdi stóð til að koma í veg fyrir mikinn mun með því að setja inn tónlist og þagnir. Þegar öllu er á botninn hvolft lærði ég ýmislegt við gerð þessa verkefnis. Skemmtilegast þótti mér að hitta viðmælendur mína og vinnan við að klippa niður sögur þeirra.

3 Niðurstöður

Þáttaröðin Einstakar mæður er eigindleg niðurstaða þessa verkefnis. Ekki er hægt að segja að einhver formleg niðurstaða hafi komið út frá þáttunum sjálfum enda var þeim ekki ætlað að svara sérstökum spurningum til fulls. Hins vegar var markmið verkefnisins að auka skilning og vitund fólks á þessari tegund fjölskyldna: einstökum mæðrum og börnum þeirra. Þá er það einlæg von mín að aðrir einstaklingar í svipuðum sporum eða hugleiðingum öðlist hugrekki til að fara sömu leið sé það draumurinn.

Þættirnir gefa einstökum mæðrum rödd og tækifæri til þess að tjá sig um ákvörðun sína og um leið opna fyrir frekari umræðu. Þættirnir flokkast sem samfélagsmiðuð fréttamennska þar sem einn menningarkimi samfélagsins er skoðaður betur. Það er einmitt hluti af lýðræðislega og menningarlega hlutverki fjölmiðla, umfjöllun um ýmislegt er viðkemur ólíkum menningarkimum. Þá auka þættirnir einnig sýnileika kvenna í ljósvakamiðlum þar sem konur eru í minnihluta. Útvarpið sem fjölmiðlaform gerði það svo mögulegt að tjá enn betur tilfinningar og hugsanir kvennanna sem þættirnir snúast um. Án þeirra og án sérfræðinganna hefðu þættirnir aldrei orðið að veruleika. Með því að nota útvarpið er mögulegt að ná til fjölmenns hóps og jafnvel hópa sem hefðu kannski ekki veitt þessu sama málefni áhuga hefði það verið birt í öðrum miðlum. Útvarpið gerir sögur kvennanna einnig áhrifameiri þar sem þagnir, hik, hlátur og grátur fá að njóta sín betur en til dæmis í prentmiðli.

Í þáttunum fáum við að heyra skoðanir fjögurra sérfræðinga um siðferðileg álitamál sem hafa verið uppi um þessa leið til barneigna. Þau standa öll á sama máli hvað varðar rétt barna til þess að þekkja uppruna sinn. Ef þættirnir ættu að leiða af sér einhverja sérstaka niðurstöðu þá er það sennilega afgerandi skoðun allra viðmælanda að réttur barna til að þekkja uppruna sinn vegi þyngra en réttur sæðisgjafa til nafnleyndar. Í öllum fjórum þáttunum má heyra þær skoðanir. Með því að viðra þær skoðanir upphátt og auka umræðuna um þennan rétt barna til þess að þekkja uppruna sinn gæti það leitt til þess að breytingar hvað það varðar muni líta dagsins ljós fyrir en ella. Enn hefur þingsályktunartillaga þess efnis ekki verið samþykkt þrátt fyrir að hafa verið lögð fram á Alþingi sex sinnum, nú síðast haustið 2020.

Þá voru einstöku mæðurnar allar einnig sammála um að það væri í raun ekki réttur neins að eignast barn en börn ættu hins vegar rétt á að eiga foreldra. Það rímar vel við skoðanir flestra sérfræðinganna. Hins vegar er ekki farið sérstaklega inn á það í þáttunum. Þrátt fyrir að konur hafi verið mikill meirihluti viðmælanda vegna viðfangsefnisins var ég mjög ánægð með

að hafa fengið einn karlkyns fræðimann. Hann benti á önnur sjónarhorn í fræðilega kaflanum heldur en kvenkyns fræðimennirnir þó að þau hafi almennt haft svipaðar skoðanir.

Persónuleg niðurstaða þessa verkefnis er sennilega lærdómurinn við gerð verkefnisins, mistökin og allar áskoranir sem upp komu.

4 Lokaorð

Ég trúi því varla að ég sitji í þessum töluðu orðum að rita lokaorð fyrir þessa greinargerð. Verkefni sem ég hafði frestað vegna barneigna en ákvað á endanum að láta slag standa og klára, með eina litla tæplega eins árs mér við hlið. Verkefni sem var ansi ólíkt fyrri verkefnum. Verkefni þar sem persónufornafnið *Ég* er notað óspart en það þurfti smá tíma til að venjast því, samanborið við aðrar fræðiritgerðir sem ég hef skrifað í námi mínu.

Ég hef lært heilmikið í námi mínu í blaða- og fréttamennsku. Þrátt fyrir að laun og vinnutími séu oft á tíðum ekkert til að lofsama þá liggur áhugi minn einmitt þarna. Eins og ég kom inn á í inngangi þessarar greinargerðar þá hef ég einskæran áhuga á að hitta fólk og ræða við það. Ef það er eitthvað sem ég hef komist að er að það hafa allir einhverja áhugaverða sögu að segja. Ég gæti vel hugsað mér að vinna meira með viðfangsefnið einstakar mæður en líkt og réttilega hefur verið bent á eru sögur þeirra ansi ólíkar þrátt fyrir að markmið þeirra sé það sama. Þá eru uppi ýmis fleiri siðferðileg álitamál tengd þessari leið til barneigna sem ekki er farið yfir í þessum þáttum en væri vert að kafa í.

Að mínu mati stóð klippivinnan upp úr sem mest krefjandi ferlið við gerð þáttanna. Ég fann að það hentaði mér best að klippa viðtölin eftir minni. Þegar ég hafði ákveðið að hafa þema í hverjum þætti þá sá ég mjög vel fyrir mér hvernig ég vildi byggja þættina upp. Ég hlakka til að vinna meira með klippiforrit líkt og Hindenburg í nákominni framtíð. Hver veit nema skipulagið komi með tímanum. Gerð þessa lokaverkefnis var virkilega krefjandi en á sama tíma mjög lærdómsríkt ferli. Það sem ég tók út úr verkefninu var að vera óhrædd við að gera mistök og læra af þeim.

Það er mín einlæga ósk að hlustendur hafi gagn og gaman af þáttunum. Þegar uppi er staðið er ég mjög ánægð með útkomu þáttanna þrátt fyrir að það alltaf sé hægt að laga og betrumbæta hlutina. Það er því kannski við hæfi að enda greinargerðina á einkunnarorðunum, *„done is better than perfect.“*

Heimildaskrá

- Auður Jónsdóttir, Bára Huld Beck & Steinunn Stefánsdóttir. *Þjáningarfrelsið*. Reykjavík: Mál og Menning, 2018. Kyndill.
- Bára Huld Beck. 2017. Íslenskir fjölmiðlar gætu orðið fyrirmynd erlendis. *Kjarninn*, 4. október. Sótt 15. desember 2020 af <https://kjarninn.is/frettir/2017-10-04-islenskir-fjolmidlar-gaetu-ordid-fyrirmynd-erlendis/>
- Dagblaðið Vísir*. 2018. „Það eina sem barn þarf til að vera hamingjusamt er forráðamaður sem elskar það skilyrðislaust,“ 27. apríl. Sótt 24. nóvember af <https://timarit.is/page/6940271>.
- Dagblaðið Vísir*. 2005. 20 íslensk börn frá sæðisgjöfum í Danmörku, 11. nóvember. Sótt 3. desember af <https://timarit.is/gegdir/000550799>.
- Deuze, M. What is Journalism? Professional identity and ideology of journalists reconsidered. *Journalism* 6, nr.4 (2005): 442-464. Sótt 3. desember 2020. doi:10.1177/1464884905056815
- Eva Bjarnadóttir og Eygló Árnadóttir. 2011. *Konur í kreppu? Samantekt á opinberum tölulegum gögnum á áhrifum efnahagshrunsins á velferð kvenna*. Velferðarvaktin. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/ritogskyrslur2011/Konur_i_kreppu_22032011.pdf
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr.38/2011 (stuðningur við einkarekna fjölmiðla). Þskj. 459, 367. mál, 2020-2021. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 20. desember 2020 <https://www.althingi.is/alttext/pdf/151/s/0459.pdf>.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, með síðari breytingum. Þskj. 992, 620. mál, 2007-2008. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 28. nóvember. <https://www.althingi.is/alttext/135/s/0992.html>
- Hallin, Daniel C og Paolo Mancini. „Western Media Systems in Comparative Perspective.“ Í *Media and Society*, ritstýrt af James Curran, 103-121. London: Bloomsbury, 2011.
- Helga Sól Ólafsdóttir. 2020. Viðtal höfundar við Helgu Sól Ólafsdóttur, félagsráðgjafa, um einstakar mæður, tekið 9. nóvember 2020.

Jón Gunnar Ólafsson og Valgerður Jóhannsdóttir. „The Icelandic news media in times of crisis and change.“ *Stjórnsmál og stjórnsýsla* 14, nr. 1 (2018): 189-210. Sótt 15. nóvember 2020. DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2018.14.1.10>

Kern, Jonathan. *Sound Reporting - The NPR Guide To Audio Journalism and Production*. London: The University of Chicago Press, 2008. Kyndill.

Kjarninn. 2020. Fjölmiðlastyrkjum hefur verið úthlutað. 1. september. Sótt 26. desember 2020 af <https://kjarninn.is/frettir/2020-09-01-fjolmidlastyrkjum-hefur-verid-uthlutad/>.

Kleinstauber, Hans J. „Radio: A Redilient Medium.“ Í *Media in Europe Today*, ritstýrt af Josef Trappel, Werner A. Meier, Leen d’Haenens, Jeanette Steemers og Barböru Thomass, 61-78. Bristol: Intellect ltd, 2011.

Lög um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, með síðari breytingum. Sótt 2. desember 2020. <https://www.althingi.is/altext/135/s/1306.html>.

Lög um fjölmiðla nr 38./2011. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 2. desember 2020. <https://www.althingi.is/altext/stjt/2011.038.html>.

Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu nr. 23/2013. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 5. desember 2020. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013023.html>.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. 2013, nr 19. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 5. desember 2020. <https://www.althingi.is/lagas/142/2013019.html>.

McLeish, Robert. *Radio Production*. Oxford: Focal Press, 2005. PDF-skjal.

Menntamálaráðuneytið. 2018. *Rekstrarumhverfi fjölmiðla. Tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla*. Sótt 28. nóvember 2020 af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=bbaa2bba-01b8-11e8-9423-005056bc4d74>.

Menntamálaráðuneytið. 2005. *Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 28. nóvember 2020 af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyslur/fjolmidlanefnd.pdf>.

Morgunblaðið. 1988. Íslenskar konur sjálfstæðari en Bandarískar, 2. nóvember. Sótt 3. desember 2020 af <https://timarit.is/page/1691912>.

19. júní. 1989. Réttarstaða barna ótrygg. Ársrit Kvenréttindafélags Íslands 19. júní, 19. júní. Sótt 5. desember 2020 af <https://timarit.is/gegnir/000550799>.

Ohlsson, Jonas. *The Nordic Media Market*. Gautaborg: Nordicom, 2015. PDF-skjal.

Puppis, Manuel. „Introduction: Media Regulation in Small States.” *The International Communication Gazette*, vol. 71(1-2) (2009): 7-17. Sótt 6. desember 2020. doi:10.1177/1748048508097927.

Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason. „Íslenska fjölmiðlakerfið: Þróun og sérkenni.” *Íslenskt lýðræði*. 2018.

Randall, David. *The Universal Journalist*. London: Pluto Press, 2016. Kyndill.

Sigríður Inga Sigurðardóttir. 2010. Meiri ást í lífið. *Fréttatíminn*, 29-31. október. Sótt 22. desember 2020 af <https://timarit.is/page/5804025>.

Sigrún Stefánsdóttir. 1989. Frá ritstjóra. *Ársrit Kvenréttindafélags Íslands 19. júní, 19. júní*. Sótt 3. desember 2020 af <https://timarit.is/gegnir/000568986>.

Syvertsen, Trine. Enli, Gunn. Mjøs, Ole J. Moe, Hallvard. „The Nordic Model and the Media Welfare State”. 1. kafli í *The Media Welfare State: Nordic Media in the Digital Era*. Ann Arbor: University of Michigan Press, 2014.

Tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að þekkja uppruna sinn. Þskj. 193, 192. mál, 2020 2021. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 26. desember 2020 af https://www.althingi.is/altext/151/s/0193.html?fbclid=IwAR01A57uXAGDJgL-rhIWkf2NsaLonuxzTirOX2PVwJj1u3OCUW_w8twWal8.

Trappel, Josef og Hannu Nieminen. „Media and Democracy: A Couple Walking Hand in Hand?“ Í *Comparative Media Policy, Regulation and Governance in Europe*, ritstýrt af Leen d’Haenens, Helena Sousa og Josef Trappel, 185-206. Bristol: Intellect Ltd, 2018.

Umboðsmaður barna. 2018. Tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn, 74. mál. Sótt 1. desember 2020 af <https://www.barn.is/frettir/tillaga-til-thingsalyktunar-um-rett-barna-til-ad-vita-um-uppruna-sinn-74-mal>.